

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 164 13. apríl 1978, um ráðstöfun 15.05%
fjár gengismunarsjóðs 1978 (áætlaðar 350 millj. kr.),
til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði
sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 2/1978.**

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. svohljóðandi:

„Fé það, sem lánað er samkvæmt reglugerð þessari, skal jafnóðum og það innheimtist, ásamt öllum vöxtum, renna til þess lánaflokks Fiskveiðasjóðs Íslands, sem veitt eru lán úr til hagræðingar í fiskiðnaði samkvæmt reglugerð, um ráðstöfun á eftirstöðvum gengismunar samkvæmt lögum nr. 97/1972, nr. 106/1974 og nr. 27/1975, til stofnunar nýs lánaflokks við Fiskveiðasjóð Íslands til hagræðingar í fiskiðnaði, útgefinni 8. júní 1978.“

2. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 164/1978 verði 7. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 2 9. febrúar 1978 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efna- og gerlarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurmjöl:

Framleiðslusýnishorn (Vatn, fita, protein og salt) kr. 4 000

Einsákar efnagreiningar:

Vatn	kr.	750
Salt	—	900
Protein (Kjeldahl)	—	2 000
Fita	—	1 300
Aska	—	750
Ammoníak	—	750
Sandur	—	900
Kalcium	—	1 500
Fosfór	—	1 500
Meltanlegt protein	—	3 200